

**8. gr.**

Fyrirtæki, þar sem fimm verkamenn eða færri vinna eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö., skulu undanþegin eftirlitsgjaldi, nema annað sé ákveðið af öryggismálastjóra, enda sé vinnu þannig háttað, að eftirlits sé eigi brýn þörf.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 47. gr. laga nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, sbr. lög nr. 52 20. maí 1955, um breytingu á þeim lögum, öðlast gildi 1. janúar 1977 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum nr. 72 24. mars 1976.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. mars 1977.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Baldur Möller.*

**G J A L D S K R Á**

**fyrir Rafveitu Húsavíkur.**

**I. RAFORKA**

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

**A. Lýsing.**

11. Um kWst.-mæli á kr. 51.60.
12. Um kWst.-mæli á kr. 21.60 hverja kWst. auk fastagjalds af gölffleti í rúmi því, er lýsa skal.  
Fastagjald reiknast þannig:
  - a. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 17.20 á ferm. á mánuði.
  - b. Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. h. kr. 8.50 á ferm á mánuði.

**B. Almenn heimilisnotkun.**

21. Um kWst.-mæli kr. 12.70 á hverja kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 94.00 á mánuði af hverju herbergi.  
Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íbúðarherbergi, hol og eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 ferm. telst sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

**C. Vélanotkun.**

31. Um einn kWst.-mæli þannig: Á kr. 35.30 hverja kWst. ársnotkun.
32. Kr. 10.70 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
33. Kr. 14.00 hver kWst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.  
Til iðnaðar, ef uppsett vélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW.
34. Um afl- og orkumæla (mestaafismæla) þannig reiknað:  
Aflgjald af notuðu afli kr. 13 344.00 á kWst. á ári.  
Orkugjald af allri orkunotkun kr. 4.80.
35. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:  
Um kWst.-mæli á kr. 4.80 hverja kWst., auk fastagjalds kr. 10 538.00 á ári fyrir hvert kW. í málraun véla.

**D. Hitun.**

41. Til húsahtunar um kWst.-mæli kr. 5.95 hver kWst.  
 42. Til húsahtunar um kWst.-mæli kr. 3.12 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 2 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.

*Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.*

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.  
 b. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.  
 c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

**E. Önnur raforkunotkun.**

1. Til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli kr. 21.60 hver kWst.  
 2. Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlíð A-1.

Þegar sérstaklega stendur á er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku, eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

**II. MÆLALEIGA**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

- |   |                  |
|---|------------------|
| 1. Af einfasa mælum .....                 | kr. 94.00 á mán. |
| 2. Af þrífasa mælum allt að 100 amp. .... | — 125.00 á mán.  |
| 3. Af þrífasa mælum yfir 100 amp. ....    | — 300.00 á mán.  |
| 4. Af mestaafismælum .....                | — 550.00 á mán.  |

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði mælitækja.

Leigan innheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

**III. HEIMTAUGARGJÖLD**

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

|                       | Stofngjald kr. | Lengdargjald        |
|-----------------------|----------------|---------------------|
| 1. 60 A 1-fasa .....  | 93 000.00      | innif. allt að 40 m |
| 2. 60 A 3-fasa .....  | 140 000.00     | innif. allt að 40 m |
| 3. 100 A 3-fasa ..... | 180 000.00     | innif. allt að 40 m |
| 4. 200 A 3-fasa ..... | 250 000.00     | innif. allt að 40 m |

Gjaldskrá þessi gildir á skipulögðum svæðum í Húsvík. Sé um óskipulögð svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitingar- og bílskúra greiðist eftir reikningi.

Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

## IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 000.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 1 000.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 55% af þeirri hækkun.

Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild, að til komi sérstakt samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalið í gjaldskrá þessari er 20% söluskattur og 13% verðjöfnunargjald.

Gjaldskrá þessi, sem selt er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 262 29. júní 1976.

*Iðnaðarráðuneytið, 7. mars 1977.*

F. h. r.

**Árni Þ. Árnason.**

*Kristmundur Halldórsson.*

3. mars 1977.

Nr. 146.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningargjafasjóð Sigurðar B. Gunnarssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. mars 1977.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningargjafasjóð Sigurðar B. Gunnarssonar.

Í samræmi við fundarsamþykkt sóknarnefndar Skeiðflatar sóknar, dags. 25. febr. 1974, stofnar sóknarnefndin til sjóðsstofnunar, í minningu um Sigurð B. Gunnarsson Litla-Hvammi, með eftirfarandi skipulagsskrá.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningargjafasjóður Sigurðar B. Gunnarssonar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja Skeiðflata kirkju, með fjárframlögum.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er krónur tuttugu þúsund, kr. 20 000.00, og skal það vera óhreyft í sjóðnum.

Fjármunir sjóðsins skulu ávaxtaðir í innlánsstofnun.

4. gr.

Höfð verði til sölu minningargjafakort til eflingar sjóðnum.

5. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins má verja árlega í þágu Skeiðflata kirkju, eftir mati sjóðsstjórnar.